

Héraðsskjalasafn Árneseinga veitir aðgang að safngögnum á lestrarsal og á vef. Stafræn afrit af safngögnum á heimildavef safnsins eru aðgengileg notendum að kostnaðarlausu. Safnið selur eða leigir eftirtökur af ljósmyndum og safngögnum. Áhugasamir hafa þá sambandi á netfangið: [myndasetur@heradsskjalasafn.is](mailto:myndasetur@heradsskjalasafn.is).

Ef keyptar eru sjö myndir eða fleiri er veittur 30% afsláttur af verðskrá.

Verðskrá á við þegar 5.000 einstök eða færri er gerð. Ef fjöldi eintaka er meiri skal hafa sambandi við Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Allar myndir eru afhentar rafrænt í 300 punkta upplausn.

Skilmálar vegna afnota á ljósmyndum úr safngögnum Héraðsskjalasafns Árneseinga

Við pöntun á ljósmyndum til afnota samþykkir viðskiptamaður eftirfarandi skilmála:

- Viðskiptamanni er ljóst að ljósmynd getur verið háð höfundarétti skv. 1. eða 49. gr. höfundaréttarlaga nr. 73/1972 og skal öll notkun á ljósmynd samrýmast ákvæðum ofangreindra laga.
- Héraðsskjalasafn Árneseinga heimilar viðskiptamanni, eftir atvikum í umboði rétthafa höfundaréttar, afnot á ljósmynd með þeim skilmálum sem greinir í afnotaleyfi þessu. Viðskiptamanni er ljóst að enginn einkaréttur fylgir afnotaleyfinu.
- Heimil afnot af ljósmynd takmarkast við persónuleg not viðskiptamanns og/eða þau nota sem tilgreind eru í pöntun. Sé um að ræða gerð eintaka (prentuð eða fjölfölduð rit eða annarskonar prentun o.s.frv.) takmarkast heimiluð not við þá útgáfu og þann eintakafjölda sem tilgreint er í pöntun. Ef um er að ræða verk sem gert er aðgengilegt almenningi (s.s. með opinberri sýningu, notkun á vefsíðu o.s.frv.) takmarkast heimiluð not við það tímabil sem tilgreint er í pöntun nema öðruvísi sé umsamið.
- Geta skal nafns höfundar/ljósmyndara og Héraðsskjalasafns Árneseinga á eintökum sem gerð eru á grundvelli afnotaleyfis þessa og við birtingu, eftir því sem við á, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1972.
- Óheimilt er með öllu að gera ljósmyndina aðgengilega á samfélagsmiðlum.
- Eftir að ljósmynd hefur verið nýtt skal viðskiptamaður innan 30 daga eyða eintökum sem notuð hafa verið við vinnsluna.
- Viðskiptamaður skuldbindur sig til að afhenda Héraðsskjalasafni Árneseinga eitt eintak af útgáfu sem framleitt er á grundvelli þessa afnotaleyfis.
- Afnotaleyfi þetta einskorðast við viðskiptamann og er ekki framseljanlegt.
- Reynist nauðsynlegt að höfða mál vegna ágreinings um afnotaleyfi þetta skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.